

Útideild

leitarstarf og skýr skilaboð til ungmenna

Útideild hefur starfað frá árinu 1991 og var hún þá samvinnuverkefni sveitarfélaganna Keflavíkur og Njarðvíkur. Síðar komu fleiri sveitarfélög á Suðurnesjum til sögunnar og hefur samstarf við þau verið gott.

Tilgangur Útideildar er fyrst og fremst leitarstarf og fer starfsemin að mestu leyti fram á föstudagskvöldum. Mikil samvinna er höfð við lögreglu og hefjast allar vaktir og enda á lögreglustöðinni.

Skilaboðin til ungmenna eru einföld og skýr. Starfsmenn Útideildar bjóða þeim að ræða hlutina í trúnaði, en trúnaðurinn endar þar sem lögbrotin byrja.

Oft reynist erfitt að meta árangur af störfum Útideildar, enda starfar hún í anda brunavarna. Þó er það samdóma álit þeirra sem fylgst hafa með ungu fólki undanfarin ár að "ástand" á Hafnargötunni hafi batnað mjög mikið og að útivistarreglur séu betur virtar en áður var. Yfirmaður Útideildar er **Hafþór Birgisson** Íþrótt- og tómstundafulltrúi